



Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1861
komudagur 5.3.2013

5. mars 2013
Málsnr. 1303004

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn um það hvað verðtrygging sé.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarritara efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 1. mars 2013, þar sem komið var á framfæri ósk eins nefndarmanna, Eyglóar Harðardóttur, þess efnis að Seðlabankinn gæfi upp afstöðu sína til þess „hvað verðtrygging er, kostnaður eða vextir.“ Sömmuleiðis er vísað til tölvupósts frá Eygló Harðardóttur, dags. sama dag, um að óskað sé eftir því að svarið verði rökstutt með tilvísun í lög eða reglugerðir.

Löggjafinn hefur skilgreint hugtakið *verðtryggingu* í viðri merkingu sem svo, að það sé hvers konar tilvik, þar sem um er að ræða, að greiðsla eða fullnæging fjárkröfu sé tengd breytingu á verðvísitölu og gengi gjaldeyris, þegar það á við í endurlánum eða annarri viðmiðun, sbr. athugasemdir við 33. gr. þess frumvarps er varð að lögum um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979, sem gjarnan eru nefnd „Ólafslög“. Svipaða skilgreiningu má finna í athugasemdum við 1. gr. þess frumvarps er varð að lögum um verðtryggingu fjárskuldbindinga, nr. 71/1966. Bæði þessi lög eru fallin úr gildi, en með lögum nr. 13/1995, er breyttu þágildandi vaxtalögum, nr. 25/1987, var kafla Ólafslaga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár bætt við vaxtalögin. Það fyrirkomulag er enn í gildi, sbr. lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Það er ekki innan sérviðs Seðlabanka Íslands að skera úr um það hvort verðtrygging teljist vextir eða kostnaður. Þó skal þess getið, að í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 13/1995 sagði, að það þætti heppilegt að kveðið væri á um vexti og verðtryggingu í sömu lögum, enda væri um *náskýld* atriði að ræða. Hvort segja megi út frá því að um *sömu* atriði sé að ræða skal ósagt látið, en í stað þess vill Seðlabankinn leyfa sér að benda á það, að það er á valdi löggjafans að eyða öllum slíkum vafa með lagasetningu.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur

Jón Þ. Sigurgeirsson
framkvæmdastjóri